

**Ed.**

**503. Nefndarálit**

[176. mál]

um frv. til laga um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirgreindri

**BREYTINGU:**

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflið við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 1974.

Steingr. Hermannsson,  
form., frsm.

Bjarni Guðbjörnsson,  
fundaskr.

Eggert G. Þorsteinsson.

Björn Fr. Björnsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ragnar Arnalds.